

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 10. desember 2010

**Efni: Umsögn um lagafrumvarp, mál 339, um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um málefndi aldraðra.**


Bandalag háskólamanna mótmælir því harðlega að framangreint frumvarp skuli lagt fram í þessari mynd. Mikil vinna fulltrúa stéttarfélaga, launagreiðanda og starfsmanna félagsmálaráðuneytisins hefur verið lögð í að semja og ná sátt um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Þær tillögur eru meðfylgjandi.

Helstu breytingar sem þar koma fram lúta að því að veita atvinnuleitanda leyfi til að taka sér mjög takmarkað orlof og stuttan veikindarétt án þess að hann falli af bótum. Hlé á virkri atvinnuleit átti þó ekki að koma í veg fyrir að atvinnuleitandi verði að vera tilbúinn til að taka starfi sem býðst. Einnig var Vinnumálastofnun tryggðar frekari heimildir til að afla gagna ef grunur leikur á að atvinnuleitandi afli tekna á sama tíma og hann fær atvinnuleysisbætur.

BHM mótmælir því að hlutfallslegar atvinnuleysisbætur skuli nú aðeins greiddast ef starfshlutfall skerðist um 30% hið minnsta í stað 20% áður. Því munu fylgja aukin útgjöld þar sem gera má ráð fyrir að hluti þeirra sem nú eru í 80% starfi verði lækkaðir í 70% starf í stað þess að þeir missi hlutabæturnar að fullu.

Samstaða var um það í vinnuhópnum að lengja tímabil atvinnuleysisbóta hjá þeim sem hafa í fyrsta skipti fengið greiddar atvinnuleysisbætur frá og með 1. janúar 2008 en ekki frá og með 1. maí 2008 eins og ráð er fyrir gert í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bandalags háskólamanna



Stefán Aðalsteinsson,  
framkvæmdastjóri.

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

1. gr.

Í stað orðanna „Félags- og tryggingamálaráðherra“ í 4. gr. laganna og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögnum, að undanskilinni 7. og 8. gr., kemur: Velferðarráðherra.

2. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

8. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Á eftir orðinu „Fangelsimálastofnun“ í 4. mgr. 9. gr. laganna kemur: eftirlitsfulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög nr. 42/2010, um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, Vegagerðin, Lánasjóður íslenskra námsmanna.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „14. gr.“ í a-lið 1. mgr. kemur: og 14. gr. a.

b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Launamaður, sbr. a-lið 3. gr., sem starfar hjá eigin einkahlutafélagi, telst eingöngu tryggður samkvæmt lögum þessum hafi starfsemi félags hans stöðvast enda séu skilyrði 1. mgr. uppfyllt. Í tilvikum þegar einkahlutafélag er í eigu fleiri aðila en þess sem sækir um atvinnuleysisbætur er Vinnumálastofnun heimilt að meta út frá gögnum um rekstur félagsins hvort viðkomandi launamaður teljist sannanlega án atvinnu þrátt fyrir að starfsemi félagsins hafi ekki stöðvast enda eingöngu aðrir eigendur við störf hjá félaginu. Ber viðkomandi launamanni þá að afhenda Vinnumálastofnun öll nauðsynleg bókhaldsgögn að mati stofnunarinnar og eftir atvikum önnur gögn þannig að stofnunin geti metið hvort rekstur félagsins sé þess eðlis að hann standi ekki undir launagreiðslum til viðkomandi launamanns.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Á eftir a-lið kemur nýr stafliður, b-liður, svohljóðandi: hefur heilsu til að taka starfi eða taka þátt í virkum vinnumarkaðsaðgerðum, sbr. þó 5. mgr.

b. Í stað orðanna „h-lið 1. mgr.“ í 2. mgr. kemur: 1. mgr., þar á meðal um tilfallandi veikindi.

c. Í stað orðsins „taki“ í 3. mgr. kemur: skuli taka.

d. Í stað orðanna „b-, d- og e-liðar“ í 4. mgr. kemur: c-, e- og f-liðar.

e. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, 5. mgr., svohljóðandi:

Hinn tryggði telst vera í virkri atvinnuleit þrátt fyrir tilfallandi veikindi í allt að fimm daga samtals sem heimilt er að nýta að hámarki í tvennu lagi á hverju tólf mánaða tímabili enda hafi hinn tryggði verið skráður innan kerfisins í fimm mánuði samtals frá fyrstu skráningu, sbr. 29. gr.

Í vinnslu  
19. nóvember 2010

Hinn tryggði skal tilkynna um upphaf og lok veikinda til Vinnumálastofnunar án ástæðulausrar tafar. Skal hann jafnframt skila inn læknisvottorði innan viku frá því að veikindum lauk óski Vinnumálastofnunar eftir því.

e. Í stað orðanna „h-lið“ í 6. mgr. sem verður 7. mgr. kemur: i-lið.

7. gr.

Á eftir 14. gr. laganna kemur ný grein, 14. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

*Hlé á virkri atvinnuleit.*

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og hefur verið skráður innan kerfisins í samtals tólf mánuði frá fyrstu skráningu á sama tímabili, sbr. 29. gr., er heimilt að gera hlé á virkri atvinnuleit í allt að tíu daga samtals sem heimilt er að nýta að hámarki í tvennu lagi á hverju tólf mánaða tímabili. Hinn tryggði skal tilkynna um hlé á virkri atvinnuleit til Vinnumálastofnunar að lágmarki fjórum vikum áður en áætlað er að hléið hefjist enda hafi hlutaðeigandi ekki þegar fengið boð um að mæta til Vinnumálastofnunar, sbr. 6. mgr. 9. gr. eða 4. mgr. 13. gr., fengið boð um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum á grundvelli laga um vinnumarkaðsaðgerðir, eða verið boðaður í atvinnuviðtal eða verið boðið starf á sama tíma og fyrirhugað er að hléið standi yfir.

Hlé á virkri atvinnuleit skv. 1. mgr. eða tilkynning um að fyrirhugað sé slíkt hlé kemur ekki í veg fyrir að hinn tryggði skuli taka starfi sem býst enda þótt gert sé ráð fyrir að starfið skuli innt af hendi að hluta eða öllu leyti á þeim tíma sem hléinu var ætlað að standa ~~ð-stendur~~-yfir. Þó er Vinnumálastofnun heimilt að veita þeim undanþágu sem staddur er erlendis eða hefur umönnunarskyldu vegna ungra barna eða annarra náinna fjölskyldumeðlima þann tíma sem hléið varir frá skyldu til að taka starfi sem inna skal af hendi meðan hléið varir. Hið sama gildir um þátttöku hins tryggða í vinnumarkaðsúræði sem varir lengur en fjórar vikur og stendur að hluta eða öllu leyti yfir þann tíma sem hléinu var ætlað að vara ~~ð-varir~~.

Óheimilt er að breyta þegar tilkynntu hléi nema hlutaðeigandi taki starfi eða taki þátt í vinnumarkaðsúræði á þeim tíma er hléið var fyrirhugað.

8. gr.

Á eftir orðunum „14. gr.“ í a-lið 1. mgr. 18. gr. kemur: og 14. gr. a.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

- Á eftir orðunum „X. kafla“ í 1. mgr. kemur: og sá tími er viðurlög skv. XI. kafla standa yfir.
- Á eftir orðunum „sbr. 17. og 22. gr.“ í 1. mgr. kemur: og um þann tíma er tilfallandi veikindi standa yfir skv. 5. mgr. 14. gr. sem og hlé á virkri atvinnuleit skv. 14. gr. a
- Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Sá tími sem Vinnumálastofnun veitir styrk vegna þátttöku hins tryggða í starfstengdu vinnumarkaðsúræðjum, sbr. skv. 1. mgr. 62. gr., telst ekki hluti tímabilsins skv. 1. mgr. í tilvikum er hinn tryggði nýtur launa frá vinnuveitanda sem eru hærri en grunnatvinnuleysisbætur hans meðan á þátttöku hans í vinnumarkaðsúræði stendur og fær ekki greiddar atvinnuleysisbætur, sbr. 4. mgr. 33. gr.

10. gr.

4. mgr. 33. gr. orðast svo:

Þegar Vinnumálastofnun veitir styrk vegna þátttöku hins tryggða í starfstengdu vinnumarkaðsúrræðjum skv. 1. mgr. 62. gr. og ~~tryggt er að~~ hinn tryggði nýturjóni launa frá vinnuveitanda sem eru hærrí en grunnatvinnuleysisbætur hans meðan þátttaka hans í vinnumarkaðsúrræði stendur yfir á hinn tryggði hvorki rétt á tekjutengdum atvinnuleysisbótum né grunnatvinnuleysisbótum á sama tíma.

11. gr.

Á eftir orðunum „hefur sætt biðtíma skv. 1. mgr.“ í 3. mgr. 56. gr. laganna kemur: eða viðurlögum skv. 1. mgr. 61. gr.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „eða hafni því að fara í atvinnuviðtal“ í 2. mgr. kemur: hafni því að fara í atvinnuviðtal eða sinnir ekki atvinnuviðtali án ástæðurlausrar tafar.

b. Í stað orðanna „eða umönnunarskyldu vegna ungra barna eða annarra náinna fjölskyldumeðlima“ í 4. mgr. kemur: umönnunarskyldu vegna ungra barna eða annarra náinna fjölskyldumeðlima eða tilvika sem getið er um í 14. gr. a.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 58. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „3. mgr. 13. gr.“ í 1. mgr. kemur: 4. mgr. 13. gr.

b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Vinnumálastofnun skal meta við ákvörðun um viðurlög skv. 1. mgr. hvort tilvik sem getið er um 14. gr. a eigi við.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skv. h-lið 1. mgr. 14. gr.“ í 1. mgr. kemur: skv. 14. gr.

b. Orðið „vísitandi“ í 1. mgr. fellur brott.

c. Í stað orðanna „og 2. mgr. 14. gr.“ í 1. mgr. kemur: 2. mgr. 14. gr. og 14. gr. a.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 60. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „veitir Vinnumálastofnun vísitandi rangar upplýsingar í umsókn um atvinnuleysisbætur“ í 1. mgr. kemur: lætur vísitandi hjá líða að tilkynna Vinnumálastofnun um þær breytingar sem kunna að verða á högum hans á því tímabili sem hann fær greiddar atvinnuleysisbætur eða sætir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögum þessum eða veitir vísitandi rangar upplýsingar.

b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Í tilvikum er tekjur hins tryggða fyrir starf, hvort sem er tilfallandi starf, sbr. 35. gr. a, eða starf sem hann sinnir þegar hann hættir atvinnuleit í skamman tíma, sbr. 10. gr., teljast hærrí en almennt tíðkast fyrir sambærileg störf skal hinn tryggði afhenda Vinnumálastofnun gögnheimilt að óska eftir gögnum frá hinum tryggða sem sýna fyrir hvaða tímabil greitt er fyrir, einingarverð eða tímakaup eftir atvikum eða hvað viðkomandi hefur fengið greitt fyrir sama eða sambærilegt

Í vinnslu  
19. nóvember 2010

starf áður en hann varð atvinnulaus óski stofnunin eftir því í því skyni að meta hvort tekjurnar kunna að vera tilkomnar vegna vinnu sem innt var af hendi á sama tíma og hann fékk greiddar atvinnuleysisbætur eða sættir biðtíma eða viðurlögum, sbr. 1. mgr. Til viðmiðunar skal hafa ákvæði gildandi kjarasamnings í viðkomandi starfsgrein á því svæði sem hinn tryggði starfaði eða eftir atvikum viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra fyrir reiknað endurgjald í viðkomandi starfsgrein. Jafnframt er heimilt að miða við laun hins tryggða fyrir fyrra starf sitt sem hann missti enda sé um að ræða starf innan sömu starfsgreinar.

Ef Vinnumálastofnun hefur rökstuddan grun um að hinn tryggði kunni að hafa starfað á innlendum vinnumarkaði á sama tíma og hann fékk greiddar atvinnuleysisbætur eða sættir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögum þessum á grundvelli gagna sem stofnunin hefur aflað á grundvelli 2. mgr. skal hlutaðeigandi vinnuveitandi afhenda Vinnumálastofnun frekari gögn sem sýna þær tekjur sem vinnuveitandinn hefur áður greitt hinum tryggða fyrir sama starf eða greiðir öðrum fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óski stofnunin eftir því.

16. gr.

Á eftir orðunum „hefur sætt viðurlögum skv. 1. mgr.“ í 3. mgr. 61. gr. laganna kemur: eða biðtíma skv. 1. mgr. 56. gr.

17. gr.

Í stað orðanna „31. desember 2010“ í 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða V kemur: 30. júní 2011.

18. gr.

Í stað orðanna „31. desember 2010“ í 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI kemur: 30. júní 2011.

19. gr.

Við lögina bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (X.)

Þrátt fyrir 1. mgr. 29. gr. getur sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og hefur í fyrsta skipti fengið greiddar atvinnuleysisbætur frá og með 1. janúar 2008 átt rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta í tólf mánuði til viðbótar frá þeim degi er tímabili skv. 1. mgr. 29. gr. lýkur og hann uppfyllir áfram skilyrði laganna nema annað leiði af lögum þessum.

Þrátt fyrir 1. mgr. 30. gr. getur sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur samtals í fjögur ár áunnið sér rétt innan atvinnuleysistryggingakerfisins að nýju að liðnum 24 mánuðum enda hafi hann starfað á vinnumarkaði í a.m.k. sex mánuði eftir að fyrra tímabili lauk og misst starf sitt af gildum ástæðum.

Ákvæði þetta gildir til 31. desember 2011.

b. (XI.)

Ákvæði 3. mgr. 29. gr. og 4. mgr. 33. gr. skulu gilda um þá sem eru þátttakendur í virkum starfstengdum vinnumarkaðsúræðum 1. janúar 2011 enda njóti þeir launa frá vinnuveitanda sem eru hærri séu þeim greidd hærri laun en grunnatvinnuleysisbætur þeirra eru meðan þátttaka þeirra í vinnumarkaðsúræði stendur yfir. –og– Skál allur sá tími er fyrrnefnd vinnumarkaðsúræði standa yfir ekki teljast hluti tímabilsins skv. 1. mgr. 29. gr.

20. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2011.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Mikið hefur reynt á atvinnuleysistryggingakerfið frá október 2008 og hefur félags- og tryggingamálaráðuneytið ásamt samtökum aðila vinnumarkaðarins fylgst náið með framkvæmd laga nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, frá þeim tíma. Lögð hefur verið áhersla á að bæta úr þeim annmörkum sem upp hafa komið í framkvæmdinni og hefur félags- og tryggingamálaráðherra í því skyni lagt til breytingar á lögnum samtals fjórum sinnum frá því í nóvember 2008. Samstarfshópur hefur meðal annars verið starfandi á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins til að fara yfir framkvæmd laganna en þar eiga sæti fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Vinnumálastofnun auk fulltrúa ráðuneytisins.

Í ljósi reynslu undanfarinna mánaða og missera þykir ástæða til að leggja fram frumvarp þetta þar sem lagðar eru til ákveðnar breytingar á lögnum um atvinnuleysistryggingar, ekki síst þar sem atvinnuleit virðist taka lengri tíma nú en áður tíðkaðist. Þannig hefur langtímaatvinnuleysi aukist hér á landi samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun en í október 2010 höfðu 4.615 einstaklingar verið skráðir án atvinnu í tólf mánuði eða lengur. Fjöldi þeirra sem höfðu verið skráðir án atvinnu lengur en sex mánuði í október 2010 voru 7.205 eða um 54% þeirra sem voru skráðir án atvinnu í lok október. Skráð atvinnuleysi í október 2010 var 7,5% sem jafngildir að 12.062 einstaklingar hafi að meðaltali verið skráðir án atvinnu í mánuðinum. Jókst því skráð atvinnuleysi um 0,4% frá því í september 2010 er skráð atvinnuleysi mældist 7,1%. Skráð atvinnuleysi jókst aðeins meira hjá körlum en konum á þessu tímabili en skráð atvinnuleysi meðal karla mældist 7,8% í október en 7,2% meðal kvenna.

Meðal þess sem lagt er til í frumvarpi þessu er að þeir sem eru skráðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins séu taldir í virkri atvinnuleit þrátt fyrir tilfallandi veikindi í allt að fimm daga samtals sem heimilt er að nýta að hámarki í tvennu lagi á hverju tólf mánaða tímabili enda hafi þeir verið skráðir innan kerfisins í fimm mánuði samtals frá fyrstu skráningu. Enn fremur er lagt til að þeir sem hafa verið skráðir innan kerfisins tólf mánuði eða lengur geti gert hlé á virkri atvinnuleit í allt að tíu daga samtals sem heimilt er að nýta að hámarki í tvennu lagi á hverju tólf mánaða tímabili. Hlé á virkri atvinnuleit kemur þó ekki í veg fyrir að atvinnuleitandi verður ávallt að vera reiðubúinn að taka starfi sem býðst enda þótt gert sé ráð fyrir að starfið skuli innt af hendi á þeim tíma sem hléinu var ætlað að vara. meðal annars á þeim tíma er hléið varir, nema þó er gert ráð fyrir ákveðinni undanþágu sé hlutaðeigandi sé staddur erlendis eða hafi umönnunarskyldu vegna ungra barna eða annarra náinna fjölskyldumeðlima þann tíma sem hléið varir og inna á starfið af hendi að hluta eða öllu leyti á þeim tíma. Jafnframt þarf atvinnuleitandi að vera reiðubúinn að taka þátt í virkum vinnumarkaðsúræðum sem ætlað er að vara í lengri tíma en fjórar vikur og standa yfir að hluta eða öllu leyti þann tíma sem hléinu var ætlað að varað varir.

Þá er lögð til sú breyting að sá tími er atvinnuleitandi tekur þátt í starfstengdu virku vinnumarkaðsúræði, hvort heldur sem um er að ræða reynsluráðningu, starfsþjálfun, frumkvöðlastarf innan fyrirtækis eða átaksverkefni, sbr. lög nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, sem og einnig reglugerð nr. 12/2009, um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og um búferlastyrki, teljist ekki til þess tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar skv. 1. mgr. 29. gr. laganna, sbr. 9. gr. frumvarps þessa, enda fái viðkomandi greidd laun frá vinnuveitanda á tímabilinu sem eru hærri en grunnatvinnuleysisbætur hans. Samhliða er lagt til að greiðslur Vinnumálastofnunar til vinnuveitanda verði styrkur úr Atvinnuleysistryggingasjóði á grundvelli 1. mgr. 62. gr. laganna í



stað grunntatvinnuleysisbóta hlutaðeigandi atvinnuleitanda enda þótt gert sé áfram ráð fyrir að Vinnumálastofnun greiði til vinnuveitanda fjárhæð sem nemur grunntatvinnuleysisbótum hlutaðeigandi ásamt 8% móttframlagi í lífeyrissjóð. Er því gert ráð fyrir að atvinnuleitandi eigi hvorki rétt á grunntatvinnuleysisbótum né tekjutengdum atvinnuleysisbótum á sama tíma og hann tekur þátt í starfstengdu virku vinnumarkaðsúræði, sbr. 10. gr. frumvarps þessa, enda fær hann greidd hærri laun frá vinnuveitanda á grundvelli gildandi kjarasamnings í viðkomandi starfsgrein en sem nemur grunntatvinnuleysisbótum hans.

Með lögum nr. 131/2008, um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysisstryggingar, og lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði, var ákvæði til bráðabirgða V og VI bætt við lögum um atvinnuleysisstryggingar. Ákvæði til bráðabirgða V kveður á um að heimilt sé að uppfylltum tilteknum skilyrðum að greiða hlutfallslegar atvinnuleysisbætur á móti skertu starfshlutfalli launamanna og að ekki komi til skerðingar atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. laganna um atvinnuleysisstryggingar að því er varðar greiðslur frá vinnuveitanda fyrir hið vegna-minnkaðs starfshlutfalls á gildistíma ákvæðisins. Jafnframt var sjálfstætt starfandi einstaklingum gert heimilt að taka að sér tilfallandi verkefni samhliða greiðslu atvinnuleysisbóta að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. ákvæði til bráðabirgða VI við lög um atvinnuleysisstryggingar. Samkvæmt frumvarpi því sem varð að fyrrnefndum lögum nr. 131/2008 var breytingum þessum ætlað að koma til móts við breyttar aðstæður á vinnumarkaði og var gildistími ákvæðanna því takmarkaður. Lögum um atvinnuleysisstryggingar var breytt í tvígang á árinu 2009 sem og á síðastliðnu vorþingi þar sem meðal annars gildistími fyrrnefndra ákvæða var framlengdur í öll skiptin og er gildistími þeirra nú til 31. desember 2010. Með fyrrnefndum breytingalögum, þar sem gildistími ákvæðanna var framlengdur, voru jafnframt gerðar ákveðnar breytingar á efni þeirra. Þannig er það eitt af skilyrðum þess að geta átt rétt á hlutabótum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða V að starfshlutfall viðkomandi hafi skerst um a.m.k. 20% en fari þó ekki niður fyrir 50% starfshlutfall. Hvað varðar rétt sjálfstætt starfandi einstaklinga samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VI þá er þeim unnt að halda rekstri sínum opnum samhliða því að geta átt rétt á greiðslum úr Atvinnuleysisstryggingasjóði á grundvelli ákvæðisins samfellt í þrjú mánuði. Ætli sjálfstætt starfandi einstaklingur að halda rekstri sínum áfram að þeim tíma liðnum á hann ekki rétt á greiðslum úr Atvinnuleysisstryggingasjóði samhliða því. Standi reksturinn hins vegar ekki undir sér að loknum þessum þremur mánuðum að því marki að viðkomandi einstaklingur hafi næga atvinnu í tengslum við reksturinn getur hann átt rétt á áframhaldandi greiðslum úr Atvinnuleysisstryggingasjóði stöðvi hann rekstur sinn.

Í ljósi þess að enn eru sérstakar aðstæður uppi á innlendum vinnumarkaði þar sem enn ríkir ákveðin óvissa og skráð atvinnuleysi er enn-töluvert er í frumvarpi þessu lagt til að gildistími fyrrnefndra ákvæða til bráðabirgða V og VI við lög um atvinnuleysisstryggingar verði framlengdur til 30. jún 2011. Ekki þykir tilefni til að leggja til efnisbreytingar á ákvæðum þessum sem þykja hafa reynst mjög góð úrræði þar sem þau leiði til þess að færri einstaklingar missi störf sín að fullu en ella hefði verið sökum tímabundinna erfiðleika á vinnumarkaði. Þannig fengu 1.187 einstaklingar greiddar atvinnuleysisbætur í október 2010 á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða V en samtals voru 2.052 einstaklingar skráðir í hlutastörf innan atvinnuleysisstryggingakerfisins í lok október. Á sama tíma voru 32 sjálfstætt starfandi einstaklingar skráðir hjá Vinnumálastofnun vegna samdráttar í rekstri þeirra og fengu því greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða VI.

Enn fremur er í frumvarpinu lagt til að Vinnumálastofnun fái skýrari heimildir til að afla frekari gagna um tekjur sem skráður atvinnuleitandi hefur fengið fyrir vinnu hvort sem um tilfallandi vinnu er að ræða eða viðkomandi hafi skráð sig út úr kerfinu í skamman tíma hafi tekjurnar verið hærri en almennt má ætla að tíðkist fyrir sambærileg störf. Miðað er við að

Vinnumálastofnun sé unnt að hafa til viðmiðunar gildandi kjarasamninga í viðkomandi starfsgrein á því svæði sem hinn tryggði starfaði eða eftir atvikum viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra fyrir reiknað endurgjald í viðkomandi starfsgrein. Einnig er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun geti litið til þeirra launa sem viðkomandi hafði fyrir fyrra starf sitt enda séu störfin innan sömu starfsgreinar. Hafi Vinnumálastofnun rökstuddan grun, á grundvelli þeirra gagna sem stofnunin hefur aflað frá hinum tryggða, um að hinn tryggði kunni að hafa starfað á innlendum vinnumarkaði á sama tíma og hann hafi fengið greiddar atvinnuleysisbætur eða sætt biðtíma eða viðurlögum er lagt til að hlutaðeigandi vinnuveitandi sem hinn tryggði starfaði hjá beri að afhenda Vinnumálastofnun frekari gögn óski stofnunin eftir þeim. geti óskað eftir frekari gögnum frá þeim vinnuveitanda sem hinn tryggði starfaði hjá er hann innti af hendi umrædda vinnu. Eru breytingar þessar liður í að styrkja eftirlitsheimildir Vinnumálastofnunar til að koma í veg fyrir eins og kostur er að unnt sé að svikja út atvinnuleysisbætur á grundvelli laganna.

Þá er í frumvarpinu lagt til að sá sem telst tryggður samkvæmt lögnum og hefur í fyrsta skipti fengið greiddar atvinnuleysisbætur frá og með 1. janúar 2008 geti átt rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta í tólf mánuði til viðbótar frá þeim degi er tímabili skv. 1. mgr. 29. gr. laganna lýkur að því er hann varðar enda uppfylli hann áfram skilyrði laganna til greiðslu atvinnuleysisbóta. Enn fremur er lagt til að sá sem telst tryggður samkvæmt lögnum og hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur samtals í fjögur ár geti áunnið sér rétt innan atvinnuleysisstryggingakerfisins að nýju að liðnum 24 mánuðum enda hafi hann starfað á vinnumarkaði í a.m.k. sex mánuði eftir að fyrra tímabili lauk og misst starf sitt af gildum ástæðum. Þar sem breytingar þessar eru lagðar til með hliðsjón af þeim tímabundnu aðstæðum sem uppi eru á innlendum vinnumarkaði er gert ráð fyrir að þær verði einnig tímabundnar og að gildistíminn verði til 31. desember 2011.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Þær breytingar sem lagðar eru til í ákvæði þessu leiða af sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis í eitt velferðarráðuneyti 1. janúar 2011, sbr. lög nr. 121/2010, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum, en gert er ráð fyrir að frumvarp þetta taki gildi á sama tíma.

Um 2. og 3. gr.

Lagt er til að Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga sameinist Atvinnuleysisstryggingasjóði þannig að úr verði einn sjóður. Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga var settur á laggirnar með lögum nr. 46/1997 sem kveða á um rétt bænda, smábátaeigenda og vörubifreiðastjóra til atvinnuleysisstrygginga. Aðrir sjálfstætt starfandi einstaklingar hafa átt rétt úr Atvinnuleysisstryggingasjóði. Lög nr. 54/2006, um atvinnuleysisstryggingar, með síðari breytingum, gilda um rétt sjálfstætt starfandi einstaklinga til greiðslna annars vegar úr Atvinnuleysisstryggingasjóði og hins vegar úr Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga þannig að sömu reglur gilda um þá sem eiga rétt á greiðslum úr öðrum hvorum sjóðnum óháð því til hvaða sjóðs þeir greiða tryggingagjald af launum sínum. Þykir hagsmunum bænda, smábátaeigenda og vörubifreiðastjóra því ekki betur borgið með rekstri sérstaks sjóðs og því verður ekki séð að það þjóni sérstökum tilgangi að reka sérstakan sjóð fyrir þrjár starfstéttir. Enn fremur ber að líta til þess að nokkur umsýslukostnaður fylgir því að reka tvo sjóði en fækkun hefur orðið í hópi þeirra sem ætlað er að greiða í Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.



Um 4. gr.

Í ákvæði þessu er lagt til að kveðið verði með skýrum hætti á um að eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins, sbr. lög nr. 42/2010, um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, sé skylt að láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laganna. Er það jafnframt í samræmi við það sem fram kemur í 3. mgr. 4. gr. laga um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum þar sem kveðið er á um að eftirlitsfulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins skuli senda meðal annars Vinnumálastofnun upplýsingar þær sem fram koma á vinnustaðaskírteini.

Þeir sem stunda hefðbundið nám á framhaldskólastigi eða í háskóla teljast samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar ekki vera í fullri atvinnuleit þann tíma sem þeir stunda nám sitt, enda námið ekki vinnumarkaðsaðgerð samkvæmt ákvörðun Vinnumálastofnunar, sbr. 1. mgr. 52. gr. laganna. Það hefur því ekki verið talið hlutverk Atvinnuleysistryggingasjóðs að tryggja framfærslu einstaklinga sem stunda nám, sbr. c-lið 3. gr. laganna, á sama tímabili og þeir stunda nám sitt enda Lánasjóði íslenskra námsmanna ~~öðrum kerfum~~ ~~verið ætlað það hlutverk, svo sem~~ Lánasjóði íslenskra námsmanna. Í ákvæði þessu er því enn fremur lagt til að Lánasjóði íslenskra námsmanna verði gert skylt að láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laganna.

Þá er gert ráð fyrir að Vegagerðinni verði einnig gert skylt að veita Vinnumálastofnun þær upplýsingar sem stofnunin telur nauðsynlegar við eftirlit með framkvæmd laganna. Er slíkt talið mikilvægt þar sem Vegagerðin hefur í umboði samgöngu- og sveitarsjórnarráðuneytisins umsjón með ýmis konar leyfisveitingum, svo sem útgáfu almennra rekstarleyfa til fólks- og farmflutninga á landi sem og útgáfu atvinnuleyfa til leiguaksturs og eðalvægnabjónustu.

Um 5. gr.

Í ákvæði þessu er lagt til að vísað verði jafnframt til ákvæðis um hlé á virkri atvinnuleit, sbr. ~~7. gr. frumvarps þessa~~, í a-lið 1. mgr. 13. gr. laganna enda litið svo á að það tímabil sem atvinnuleitandi gerir hlé á virki atvinnuleit á grundvelli ákvæðisins sé ígildi þess að vera í virkri atvinnuleit skv. 14. gr. laganna.

Enn fremur er lagt til að kveðið verði skýrar á um hvenær launamaður sem starfar hjá eigin einkahlutafélagi geti talist án atvinnu í skilningi laganna og teljist þar með tryggður samkvæmt lögnum. Þykir eðlilegt að gerð sé sú krafa að rekstur einkahlutafélags viðkomandi hafi stöðvast áður en eigandi þess getur skráð sig án atvinnu að hluta eða öllu leyti enda þótt ekki séu gerðar kröfur um að félaginu sé slitið. Við mat á því hvort rekstur einkahlutafélags viðkomandi hafi stöðvast er miðað við að Vinnumálastofnun geti litið til hreyfinga í virðisaukaskattskrá. Jafnframt er gert ráð fyrir að enginn annar sé starfandi við einkahlutafélagið enda gert ráð fyrir að rekstur félagsins hafi stöðvast.

Þekkt eru dæmi þess að fleiri en einn eigandi sé að einkahlutafélagi og að þessir eigendur séu jafnframt allir starfandi sem launamenn hjá félaginu. Enn fremur eru þekkt dæmi þess að sú staða hafi komið upp að rekstur slíks félags hafi einungis staðið undir launagreiðslum til hluta þessara eigenda þegar reksturinn hefur dregist saman og aðrir eigendur því hætt störfum fyrir félagið. Því er í frumvarpi þessu lagt til að í slíkum tilvikum verði Vinnumálastofnun heimilt að meta út frá gögnum um rekstur hlutaðeigandi félags hvort viðkomandi eigandi félagsins teljist sannanlega án atvinnu þrátt fyrir að starfsemi félagsins hafi ekki stöðvast enda eingöngu aðrir eigendur sem starfa hjá félaginu sem launamenn. Er þá gert ráð fyrir að launamaðurinn afhendi Vinnumálastofnun þau bókhaldsgögn sem stofnunin telur nauðsynleg svo unnt sé að meta hvort

Í vinnslu  
19. nóvember 2010

reksturinn standi ekki lengur undir launagreiðslum til viðkomandi eiganda sem launamanns hjá félaginu.

Um 6. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er ekki gert ráð fyrir að sá sem er óvinnufær vegna tilfallandi veikinda teljist vera í virkri atvinnuleit á sama tíma í skilningi 14. gr. laganna og þar með telst hann ekki tryggður á grundvelli laganna þann tíma sem veikindin standa yfir. Er því ekki talið að um efnisbreytingu á gildandi lögum sé að ræða þótt lagt sé til með ákvæði þessu að tekið verði skýrar fram í lögnum en áður að þeim sem fá greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli laganna beri að tilkynna um tilfallandi veikindi sín til Vinnuálastofnunar enda séu þeir óvinnufærir þann tíma og geti þar af leiðandi hvorki tekið starfi sem býðst né tekið þátt í virkum vinnumarkaðsúræðum. Með ákvæði þessu er enn fremur lagt til að sá sem telst tryggður samkvæmt lögnum geti talist í virkri atvinnuleit þrátt fyrir tilfallandi veikindi í allt að fimm daga samtals sem heimilt verði að nýta að hámarki í tvennu lagi á hverju tólf mánaða tímabili enda hafi hann verið skráður innan kerfisins samtals í fimm mánuði frá fyrstu skráningu. Er þá átt við það tímabil sem hlutaðeigandi er skráður án atvinnu hjá Vinnuálastofnun og telst hluti þess tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar skv. 29. gr. laganna. Í slíkum tilvikum er gert ráð fyrir að hlutaðeigandi beri að tilkynna til Vinnuálastofnunar um upphaf og lok veikindanna. Vari tilfallandi veikindi lengur en fimm daga á hverju tólf mánaða tímabili fær viðkomandi ekki greiddar atvinnuleysisbætur fyrir þá daga sem umfram eru. Sem dæmi má nefna að einstaklingur sem hefur verið skráður án atvinnu í samtals sex mánuði og verður tilfallandi veikur í þrjú daga fær greiddar atvinnuleysisbætur fyrir það tímabil og telst það hluti tímabilsins sem atvinnuleysisbætur eru greiddar skv. 29. gr. laganna, enda tilkynni hann um upphaf veikindanna til Vinnuálastofnunar á fyrsta degi þeirra sem og um lok veikindanna. Hinn tryggði getur þá aftur orðið veikur í tvo daga innan tólf mánaða frá upphafi fyrri veikindanna án þess að það hafi áhrif á greiðslu atvinnuleysisbóta til hans. Verði hann veikur í lengri tíma en tvo daga innan tímabilsins fær hann ekki greiddar atvinnuleysisbætur fyrir þá daga sem umfram eru. Í slíkum tilvikum kann viðkomandi hins vegar að eiga rétt á greiðslum frá sjúkrasjóði þess stéttarfélags sem hann er félagi í hafi hann áfram greitt til stéttarfélags síns eftir að hann missti starf sitt, sbr. 2. mgr. 37. gr. laganna.

Um 7. gr.

Nokkuð hefur verið gagnrýnt að þeir sem fá greiddar atvinnuleysisbætur þurfi ávallt að vera í virkri atvinnuleit en missi að öðrum kosti rétt sinn til atvinnuleysisbóta. Kann þetta að vera nokkuð íþyngjandi þegar einstaklingar hafa verið atvinnulausir í meira en tólf mánuði enda ætlast til að viðkomandi sé ávallt í virkri atvinnuleit og staddur hér á landi. Lagt er til að komið verði til móts við þessa gagnrýni og því er í frumvarpinu gert ráð fyrir að þeim sem hafa verið skráðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins í samtals tólf mánuði verði heimilt að gera hlé á virkri atvinnuleit í allt að tíu daga samtals sem heimilt verði að nýta að hámarki í tvennu lagi á hverju tólf mánaða tímabili. Miðað er við að hlutaðeigandi hafi verið samtals án atvinnu í tólf mánuði en er þá átt við það tímabil sem hlutaðeigandi er skráður án atvinnu hjá Vinnuálastofnun og telst hluti þess tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar skv. 29. gr. laganna.

Samkvæmt ákvæðinu ber hinum tryggða að tilkynna um fyrirhugað hlé með fjögurra vikna fyrirvara að lágmarki en gert er ráð fyrir að þeir sem hafa umönnunarskyldu gagnvart ungum börnum geti til dæmis nýtt sér þetta þegar starfsfólk leikskóla og dagforeldrar fara í sumarleyfi. Engu síður þarf að gæta að undirliggjandi markmiðum laganna þess efnis að stuðla skuli að því að atvinnuleitendur fái nýtt starf eins fljótt og kostur er enda atvinnuleysistryggingakerfinu eingöngu ætlað að tryggja atvinnuleitendum tímabundna fjárhagsaðstoð. ~~tryggja að þeir sem teljast tryggðir á grundvelli laganna séu eingöngu skráðir inn í kerfið tímabundið og að~~ Er því

Ávallt þýðingarmikið að þeir taki þeim störfum sem bjóðast eða taki þátt í virkum vinnumarkaðsúrræðum til að auka fæmi sína á vinnumarkaði. Mikilvægt er því að hvorki hlé á virkri atvinnuleit né tilkynning um fyrirhugað hlé komi í veg fyrir að hinum tryggða beri að taka starfi sem býðst enda þótt gert sé ráð fyrir að starfið sé innt af hendi á þeim tíma sem hléið varir. Á þetta enn fremur við þegar hlutaðeiganda býðst að taka þátt í lengri vinnumarkaðsúrræðum sem kunna að standa yfir á sama tíma og fyrirhugað hlé. Á þetta ekki síst við yfir sumartímann þegar störfum almennt fjölgar töluvert á innlendum vinnumarkaði og mörgum atvinnuleitendum eru boðin þau störf. Því er gert ráð fyrir að hafni viðkomandi tilboði um starf geti það leitt til viðurlaga skv. 57. gr. laganna og eftir atvikum ítrekunaráhrifa skv. 61. gr. laganna. Þó er gert ráð fyrir að heimilt verði að taka tillit til aðstæðna atvinnuleitanda sem er staddur erlendis meðan hléið varir að því er varðar störf sem inna skal af hendi á sama tíma og hlé varir eða þeir sem hafa umönnunarskyldur gagnvart ungum börnum eða annarra náinna fjölskyldumeðlima. Er miðað við að litið sé til fjölskylduábyrgðar eins og hún er skilgreind í athugasemdum í frumvarpi er varð að lögum nr. 27/2000, um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar.

Jafnframt er lagt til að hið sama gildi þegar um er að ræða vinnumarkaðsúrræði sem vara í lengri tíma en fjórar vikur og getur þá komið til viðurlaga skv. 58. gr. laganna og eftir atvikum ítrekunaráhrifa skv. 61. gr. laganna ef viðkomandi tekur ekki þátt í vinnumarkaðsúrræði þrátt fyrir að hafa tilkynnt um hlé á virkri atvinnuleit um sé að ræða hlé á virkri atvinnuleit á sama tíma. Enn fremur er gert ráð fyrir að óheimilt verði að breyta þegar tilkynntu hléi á virkri atvinnuleit nema hlutaðeigandi taki starfi eða taki þátt í vinnumarkaðsúrræði á þeim tíma er hléið var fyrirhugað.

#### Um 8. gr.

Lagt er til að vísað verði jafnframt til ákvæðis um hlé á virkri atvinnuleit, sbr. 7. gr. frumvarps þessa, í a-lið 1. mgr. 18. gr. laganna enda litið svo á að það tímabil sem atvinnuleitandi gerir hlé á virkri atvinnuleit á grundvelli ákvæðisins sé ígildi þess að vera í virkri atvinnuleit skv. 14. gr. laganna.

#### Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir að sá tími sem tilfallandi veikindi standa yfir skv. e-lið 6. gr. frumvarps þessa og hlé á virkri atvinnuleit skv. 7. gr. frumvarps þessa teljist til þess tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar skv. 29. gr. laganna.

Hins vegar er lög til sú breyting í frumvarpi þessu að sá tími er atvinnuleitandi tekur þátt í starfstengdu virku vinnumarkaðsúrræði hvort heldur sem um er að ræða reynsluráðningu, starfsþjálfun, frumkvöðlastarf innan fyrirtækis eða átaksverkefni, teljist ekki til þess tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar skv. 29. gr. laganna enda fái viðkomandi greidd laun á tímabilinu sem eru hærrí en grunnatvinnuleysisbætur hans. Samhliða er lagt til að Vinnumálastofnun veiti styrki til fyrrnefndra verkefna á grundvelli 1. mgr. 62. gr. laganna og er ekki gert ráð fyrir að hlutaðeigandi fái greiddar atvinnuleysisbætur á sama tíma og hann tekur þátt í starfstengdu virku vinnumarkaðsúrræði, sbr. 10. gr. frumvarps þessa. Þykir þetta mikilvægt í ljósi þess að atvinnuleitendur eru ráðnir til starfa hjá vinnuveitendum og fá greidd laun samkvæmt gildandi kjarasamningi í viðkomandi starfsgrein enda þótt vinnuveitandi fái greitt ígildi atvinnuleysisbóta hlutaðeigandi vegna ráðningarinnar. Hefur það þótt ósanngjarnt að það tímabil teljist til þess tímabils er atvinnuleysisbætur eru greiddar skv. 29. gr. laganna. Engu síður er um að ræða virk vinnumarkaðsúrræði og er því áfram gert ráð fyrir að starfið teljist ekki hluti ávinnslutímabils skv. 15. eða 19. gr. laganna, sbr. einnig e-lið 1. mgr. 13. gr. og e-lið 1. mgr. 18. gr.

Um 10. gr.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 9. gr. frumvarps þessa er lagt til að í stað þess að Vinnumálastofnun greiði grunnatvinnuleysisbætur atvinnuleitanda til vinnuveitanda vegna þátttöku atvinnuleitandans í virkum vinnumarkaðsúrræðum, hvort sem um er að ræða reynsluráðningu, starfsþjálfun, frumkvöðlastarf innan fyrirtækis eða átaksverkefni, sbr. lög nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, sem og einnig reglugerð nr. 12/2009, um þátttöku atvinnuleitanda sem tryggðir eru innan atvinnuleysisstryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og um búferlastyrki, sé litið á greiðslur Vinnumálastofnunar til vinnuveitanda sem styrk á grundvelli 1. mgr. 62. gr. laganna. Ekki eru lagðar til breytingar á þessum úrræðum að öðru leyti þannig að áfram er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun muni greiða til vinnuveitanda fjárhæð sem jafngildir þeim grunnatvinnuleysisbótum sem viðkomandi atvinnuleitandi ætti ella rétt á ásamt 8% mótframlag í lífeyrissjóð. Vinnuveitandi greiðir hins vegar viðkomandi atvinnuleitanda laun samkvæmt gildandi kjarasamningi í hlutaðeigandi starfsgrein enda séu launin hærri en grunnatvinnuleysisbætur viðkomandi atvinnuleitanda. Samhliða því að lagt er til að sá tími sem atvinnuleitandi tekur þátt í framangreindum virkum vinnumarkaðsúrræðum verði ekki hluti þess tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar skv. 29. gr. laganna, sbr. 9. gr. frumvarps þessa, er lagt til að atvinnuleitandi eigi hvorki rétt á grunnatvinnuleysisbótum né tekjutengdum atvinnuleysisbótum á sama tíma og hann tekur þátt í starfstengdu virku vinnumarkaðsúrræði sem Vinnumálastofnun greiðir fyrir enda fái hann greidd laun frá vinnuveitanda á þessum tíma sem eru hærri en grunnatvinnuleysisbætur hans.

Um 11. gr.

Mikilvægt þykir að ítrekunaráhrif séu milli atvika er leiða til biðtíma eða viðurlaga þegar um er að ræða þriðja tilvikið sem leiðir til biðtíma á sama hátt og gildir um annað tilvikið sem leiðir til biðtíma skv. 1. mgr. 56. gr. Er því lagt til að sá sem hefur sætt viðurlögum skv. 1. mgr. 61. gr. laganna og sækir aftur um atvinnuleysisbætur eftir að hafa verið í starfi í skemmri tíma en 24 mánuði og hefur sagt upp því starfi sem hann gegndi síðast án gildra ástæðna þurfi að sæta ítrekunaráhrifum á sama hátt og gildir um þann sem áður hefur sætt biðtíma skv. 1. mgr. 56. gr.

Um 12. gr.

Í því skyni að taka af allan vafa er lagt til að kveðið verði skýrt á um það í 2. mgr. 57. gr. laganna að það geti komið til ítrekunaráhrifa skv. 61. gr. laganna í þeim tilvikum er atvinnuleitandi sinnir ekki atvinnuviðtali án ástæðulausrar tafar á viðurlagatímanum skv. 1. mgr. 57. gr. laganna á sama hátt og gildir um þann sem hafnar starfi eða hafnar því að fara í atvinnuviðtal, sbr. 2. mgr. 57. gr. laganna. Enn fremur er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun meti aðstæður atvinnuleitanda sem hafnar starfi á þeim tíma sem hlé hans á virkri atvinnuleit varir með tilliti til þeirra tilvika sem talin eru upp í 6. gr. frumvarps þessa.

Formatted: Highlight

Um 13. gr.

Sú þessi breyting sem lögð er til í a-lið ákvæðisins er eingöngu til komin vegna breytinga sem lagðar eru til á 13. gr. laganna í 5. gr. frumvarps þessa. Er jafnframt lagt til að Vinnumálastofnun meti aðstæður atvinnuleitanda sem hafnar þátttöku í vinnumarkaðsúrræði sem ætlað er að vara lengur en fjórar vikur með tilliti til þeirra tilvika sem fjallað er um í 6. gr. frumvarps þessa.

Formatted: Highlight

Um 14. gr.



Lagt er til að 59. gr. laganna eigi við um allar þær upplýsingar sem atvinnuleitanda ber að veita Vinnumálastofnun á grundvelli 14. gr. laganna en ekki eingöngu þær upplýsingar sem getið er um í h-lið 1. mgr. 14. gr. laganna. ~~Enn fremur er gert ráð fyrir að ákvæði 59. gr. laganna eigi við um þær upplýsingar sem gert er ráð fyrir að atvinnuleitandi þurfi að láta Vinnumálastofnun í té á grundvelli e-liðar 6. gr. og 7. gr. frumvarps þessa.~~ Enn fremur er miðað við að ákvæðið eigi við um tilvik er hinn tryggðir lætur hjá liða að tilkynna Vinnumálastofnun um þær breytingar sem kunna að verða á högum hans á því tímabili enda þótt ekki sé unnt að sýna fram á að hann hafi haft ásetning til að halda þessum upplýsingum leyndum fyrir Vinnumálastofnun. Er því lagt til að orðið „vísitandi“ verði felld brott. Á meðal þeirra upplýsingar sem þar er vísað til eru þær upplýsingar sem gert er ráð fyrir að atvinnuleitendur upplýsi Vinnumálastofnun um á grundvelli e-liðar 6. gr. og 7. gr. frumvarps þessa. Hins vegar er gert ráð fyrir að ætli hinn tryggði vísitandi að leynd Vinnumálastofnun upplýsingum falli það undir 60. gr. laganna, sbr. 15. gr. frumvarps þessa.

Formatted: Highlight

#### Um 15. gr.

Lagt er til að orðin „í umsókn um atvinnuleysisbætur“ verði felld brott enda á það ekki að skipta máli hvar eða með hvaða hætti hinn tryggði veitir Vinnumálastofnun vísitandi rangar upplýsingar sem leiða til þess að hann telst ranglega tryggður að fullu eða að hluta samkvæmt lögnum. Enn fremur er lagt til að litið sé á það að sem að atvinnuleysisbóta sé aflað með sviksamlegum hætti láti hinn tryggði láti vísitandi hjá liða að tilkynna Vinnumálastofnun um þær breytingar sem kunna að verða á högum hans á því tímabili sem hann fær greiddar atvinnuleysisbætur eða sætir biðtíma eða viðurlögum sem að atvinnuleysisbóta sé aflað með sviksamlegum hætti. Er því lagt til að því verði bætt við 60. gr. laganna og hafi þá sömu afleiðingar og það að gefa rangar upplýsingar til Vinnumálastofnunar.

Jafnframt er ~~Enn fremur er~~ lagt til að Vinnumálastofnun fái skýrari heimildir til að afla frekari gagna um tekjur sem skráður atvinnuleitandi hefur fengið fyrir vinnu hvort sem um er að ræða tilfallandi starf eða viðkomandi skráir sig út úr kerfinu til að sinna starfi í skamman tíma hafi tekjurnar verið hærri en almennt má ætla að tíðkist fyrir sambærileg störf. Miðað er við að Vinnumálastofnun sé unnt að hafa til viðmiðunar við mat sitt gildandi kjarasamninga í viðkomandi starfsgrein á því svæði sem hinn tryggði starfaði eða eftir atvikum viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra fyrir reiknað endurgjald í viðkomandi starfsgrein. Einnig er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun geti litið til þeirra launa sem viðkomandi hafði fyrir fyrra starf sitt áður en hann missti það enda hafi starfið verið innan sömu starfsgreinar. Ástæða þessa er að upp hafa komið tilvik þar sem atvinnuleitendur hafa afskráð sig í stuttan tíma og fengið mjög háar tekjur þann tíma sem þeir eru ekki á skrá miðað við þau störf sem innt eru af hendi. Þykir það meðal annars benda til þess að verið sé að greiða laun fyrir lengra tímabil en sem nemur vinnu fyrir það tímabil sem hlutaðeigandi hefur afskráð sig út úr kerfinu. Eru fyrrnefndar breytingar lagðar til í því skyni að koma í veg fyrir slíkt eins og kostur er. Jafnframt er lagt til að hafi Vinnumálastofnun rökstuddan grun á grundvelli þeirra gagna sem stofnunin hefur aflað frá hinum tryggða skv. 1. mgr. ákvæðisins um að hinn tryggði kunni að hafa starfað á innlendum vinnumarkaði á sama tíma og hann hafi fengið greiddar atvinnuleysisbætur eða sætt biðtíma eða viðurlögum er lagt til að stofnunin geti óskað eftir frekari gögnum frá þeim vinnuveitanda sem hinn tryggði starfaði hjá er hann innti vinnuna af hendi og ber vinnuveitanda að afhenda stofnuninni slík gögn. Eru breytingar þessar liður í að styrkja eftirlitsheimildir Vinnumálastofnunar til að koma í veg fyrir eins og kostur er að unnt sé að svíkja út atvinnuleysisbætur á grundvelli laganna.

Í vinnslu  
19. nóvember 2010

Um 16. gr.

Sú breyting sem lögð er til í ákvæði þessu svarar til þeirrar breytingar sem lögðagðar eru til í 11. gr. frumvarps þessa en mikilvægt þykir að ítrekunaráhrif séu milli atvika er leiða til biðtíma og viðurlaga þegar um er að ræða þriðja tilvikið sem leiðir til viðurlaga á sama hátt og gildir um annað tilvikið sem leiðir til viðurlaga skv. 1. mgr. 61. gr. Er því lagt til að sá sem hefur sætt biðtíma skv. 1. mgr. 56. gr. laganna og eitthvert þeirra tilvika sem tilgreind eru í 57. – 59. gr. laganna á við þurfi að sæta ítrekunaráhrifum á sama hátt og gildir um þann sem áður hefur sætt viðurlögum skv. 1. mgr. 61. gr.

Um 17. og 18. gr.

Ákvæði til bráðabirgða V og VI komu fyrst inn í lögin í nóvember 2008 vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði. Markmiðið með þessum ákvæðum var að koma til móts við breyttar aðstæður á vinnumarkaði meðal annars með því að stuðla að því að atvinnurekendur skoði þann kost að lækka starfshlutfall hjá hluta starfsmanna sinna á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða V fremur en að grípa til uppsagna. Hefur ákvæði þetta þótt reynast vel en um 1.100 einstaklingar hafa átt kost á að halda áfram störfum þrátt fyrir að um sé að ræða lægra starfshlutfall en áður í stað þess að hluti þessa hóps hefði hugsanlega orðið án atvinnu að fullu. Enn þykir nokkur óvissa ríkja um stöðu og þróun á innlendum vinnumarkaði auk þess atvinnuleysi er enn-nokkuð og spáð er vaxandi atvinnuleysi á komandi mánuðum. Er því lagt til að gildistími ákvæða til bráðabirgða V og VI við lögin verði framlengdur til 30. júní 2011.

Um 19. gr

(a.)

Skráð atvinnuleysi hefur aukist töluvert frá haustmánuðum 2008 í kjölfar efnahagsþrenginga sem urðu í byrjun október það ár. Margt launafólk hefur því misst störf sín og ~~haf~~hefura ekki átt kost á að ráða sig til annarra starfa. Ljóst er að um það bil tvö þúsund eintaklingar munu tæma rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins á árinu 2011 þar sem þeir hafa þá verið lengur en þrjú ár samtals án atvinnu, sbr. 29. gr. laganna, en í október 2011 eru þrjú ár liðin frá því að skráð atvinnuleysi jókst verulega hér á landi. Er því lagt til að sá sem telst tryggður samkvæmt lögnum og ~~fékk~~hefur í fyrsta skipti fengið greiddar atvinnuleysisbætur frá og með 1. janúar 2008 geti átt rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta í tólf mánuði til viðbótar frá þeim degi er tímabili skv. 1. mgr. 29. gr. laganna lýkur að því er hann varðar enda uppfylli hann áfram skilyrði laganna til greiðslu atvinnuleysisbóta. Enn fremur er lagt til að sá sem telst tryggður samkvæmt lögnum og hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur samtals í fjögur ár á grundvelli 1. mgr. geti áunnið sér rétt innan atvinnuleysistryggingakerfisins að nýju að liðnum 24 mánuðum enda hafi hann starfað á vinnumarkaði í a.m.k. sex mánuði eftir að fyrra tímabili lauk og misst starf sitt af gildum ástæðum. Þar sem breytingar þessar eru lagðar til með hliðsjón af þeim tímabundnu aðstæðum sem uppi eru á innlendum vinnumarkaði er gert ráð fyrir að þær verði einnig tímabundnar og bætist því við lögin með ákvæði til bráðabirgða X og að gildistíminn verði til 31. desember 2011.

(b.)

Enn fremur er lagt til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða XI í tengslum við þær breytingar sem lagðar eru til í c-lið 9. gr. frumvarps þessa þannig að skýrt sé til hvaða atvinnuleitenda þær breytingar sem þar er kveðið á um ná. Samkvæmt ákvæði þessu er því gert ráð fyrir að um þá sem eru þátttakendur í starfstengdu virku vinnumarkaðsúræði 1. janúar 2011 gildi ákvæði sem lagt er til í 3. mgr. 29. gr. laganna en í frumvarpi þessu er lagt til að sú málsgrein komi ný inn í lögin, sbr. c-liður 9. gr. frumvarpsins, sem og 4. mgr. 33. gr. laganna, sbr. 10. gr. frumvarps þessa, enda njótisðu viðkomandi aðilarum greidd hærrí launa frá vinnuveitanda sem eru hærri en grunnatvinnuleysisbætur þeirra meðan þátttaka þeirra í úrræðinu stendur yfir eru. Þannig er gert ráð fyrir að allur sá tími er fyrrnefnd vinnumarkaðsúræði standa yfir teljist ekki sem hluti tímabilsins skv. 1. mgr. 29. gr. viðkomandi atvinnuleitanda. Sem dæmi er atvinnuleitandi í reynsluráðningu sem hófst 1. október 2010 og er ætlað að standa til 31. mars 2011 eða sex mánuði. Telst þá tímabilið frá 1. október 2010 til 31. mars 2011 ekki til tímabils viðkomandi skv. 1. mgr. 29. gr. laganna.

Formatted: Highlight

Í vinnslu  
19. nóvember 2010

Um 20. gr.  
Ákvæði þetta þarfnast ekki skýringar.